

Mál nr. 226/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakaframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. ágúst 2022.
3. Bréf M, dags. 8. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið a.m.k. tvö verktakafyrirtæki til að koma að framkvæmdum í íbúð sinni í fjöleignarhúsi. Unnið var að framkvæmdum varðandi lagningu gólfhitalagna í nóvember 2021 og flotað var yfir gólf þar sem fræst hafði verið úr gólfplötu fyrir lögnum. Annað fyrirtækið sem kom að vinnu fyrir M var X, en um er að ræða pípulagningarfyrirtæki. Framkvæmdir stöðvuðust síðan vegna þess að nauðsynlegt var að fá sérstakt leyfi fyrir framkvæmdum og í málskoti kemur síðan fram að umrædd verktakafyrirtæki, þar á meðal X hafi horfið frá verkinu í kjölfarið. Eftir þetta var horfið frá því að setja gólfhitalagnir í íbúð M og í febrúar/mars 2022 byrjuðu framkvæmdir á ný og hinn 21. mars 2022 var vatni hleypt á hluta lagna sem leiddi til leka og tjóns á húseign M.

M telur að rekja megi tjón á húseign hennar til þess að eigandi X hafi ekki gengið tryggilega frá endum á lögninni sem lak úr og vísar til ljósmynda sem teknar hafi verið á tjónsdegi í mars 2022 og í nóvember 2021 þar sem komi fram að enginn hattur hafi verið á umræddum lögnum og þurft hafi að brjóta upp úr gólfplötu til að komast að þeim. Þannig hafi vatn flætt óhindrað og valdið tjóni á húseign M. M telur að klippt hafi verið á lagnir og þær skildar eftir opnar af hálfu X og hafi verk X ekki verið unnið í samræmi við skyldur í 5. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. M gerir einnig grein fyrir því að hún hafi hvatt starfsmenn V til að hafa samband við þá aðila sem tóku við verki af X til þess að fá upplýsingar um aðstæður og fá staðfestingu á að vinnubrögð X hafi ekki verið í samræmi við góð vinnubrögð pípara.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að klippt hafi verið á lagnir af hálfu X eða vinnubrögð X hafi verið gáleysisleg og valdið þannig tjóni á húseign X. V vísar til þess að starfsmaður V hafi ásamt aðilum á vegum M komið á tjónsstað 26. apríl 2022 til fundar og í þeirri skoðun hafi komið fram að pípari sem tók við af X hafi tengt aflagt ofnakerfi úr eir og hleypt inn á gamla ofnalögn og það hafi leitt til tjónsins. V telur að ósannað sé að X hafi skilið við lagnir með þeim hætti sem ljósmyndir M sýna og vísar til umsagnar eiganda X þar sem kemur fram að hann giski á að mögulega hafi iðnaðarmenn sem sáu um flotun og eða önnur verk á eftir X átt við rörin en það hafi ekki verið X.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort vinnubrögð á vegum X hafi verið með þeim hætti að fyrirtækið beri skaðabótaábyrgð á tjóni á húseign M sem varð í mars 2022, en það er skilyrði fyrir greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, þ.e. að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi. Sá sem telur að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli liggja ekki fyrir skýr sönnunargögn, eins og t.d. matsgerð sérfræðings, um hver tjónsorsök sé eða hvort vinnubrögð X hafi verið gáleysisleg. Einnig liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti hver verkaskipting var milli fyrirtækja við framkvæmdir í húseign M í nóvember, hverjir komu að þeim framkvæmdum eftir það og hverjir tóku ákvarðanir í mars um það sem gert var. Ekki dugar til sönnunar að leggja til grundvallar skýrslu M af atvikum, án frekari staðfestingar frá þeim sem voru við framkvæmdir um hvert hlutverk þeirra var, hvað þeir gerðu og hvernig tjónið kom til. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og á því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir